

HAUST

Haustvísá
Haustkoma
Út um mó, inní skóg
Ekki hafa hátt
Með vindinum þjóta skúraský

Skýin
Við erum dropar
Nammilagið
Við erum vinir

Kónguló sem spinnur vef
Kónguló með 8 fætur
Vinir - Ég sendi þér fingurkoss

Hvar er?
Góðan dag
Fléttan
Ljón-fílar-draugar-skrímsli

Afmælislagið
Vertu velkominn, nýi vinur minn
Dúddelí Dú
Hoppandi
Í rigningu ég syng
Vinka með tánum

Grjónapoki
Baunapoki
Ég elska blómin
Chiró Chachó!
Ding Dong

Óskasteinar
Kópavogs lagið
Dýrin öll í Afríku
Ég á gamla frænku
Dönsum og syngjum saman nú BÓK

Leikir og hlustun

Kópasteinn Tónlist 2014



María Jónsdóttir
Tónlistarkennari

Haustkoma

Haustið, haustið komið er. Xxx
Haustið, haustið komið er. xxx
Haustið, haustið komið er. xxx
Haustið komið er.

-og þá falla blöðin af trjámum.
-og þá falla blöðin af trjámum.
-og þá falla blöðin af trjámum.
Haustið komið er.

-Og þá koma ærnar af fjalli.
-Við tökum upp kartöflu´ úr garði.
-Til útlanda farfuglar fljúga,
-Í berjamó förum við saman,
-Og krakkarnir koma í skólann

Haustvísa

Hvert er horfið lafið sem var grænt í gær?
Þótt ég um það spyrji verð ég engu nær
Blöðin grænu hafa visnað, orðin gul og rauð
Ef ég horfi miklu lengur verður hríslan auð.

Nú er ís á vatni sem var autt í gær.
Yfir landið hélugráum ljóma slær.
Ég brýt heilann um það –segðu mér hvað heldur þú?
Kemur haustið fyrst á morgun? Er það komið nú?

Nú er grettin jörðin eins og gamalt skar.
Sjást nú gráar hærur þar sem grasið var.
Yfir fyrrum gróna bala liggja frosin spor.
Ég verð kuldatið að þola þar til kemur vor.

Út um mó

Út um mó, inn í skó
upp í hlíð í grænni tó.
Þar sem litlu berin lyngi vaxa á
tína, tína, tína má.

Tína þá berjablá
börn í lautu til og frá.
Þar sem litlu berin lyngi vaxa á,
tína, tína, tína má.

Ekki hafa hátt

Þrisvar sinnum smell (klappa x 3)
Syngjum ofurbliðtt, lalla lalla la
Kinka svo kolli (kinka x 2)
Smella lágt í góm(x3)

Hendurnar upp og hreyfa til og frá
en ekki hafa hátt (uss uss uss)
Ekki hafa hátt (uss uss uss) x3

Með vindinum þjóta skúraský

Með vindinum þjóta skúraský
:,:drýpur drop, drop, drop:,:
Og droparnir hníga og detta á ný
:,:drýpur drop, drop, drop:,:

Nú smáblómin vakna eftir vetrarblund
:,:drýpur drop, drop, drop:,:
Þau augun sín opna, er grænkar grund
:,:drýpur drop, drop, drop:,:

Skýin

Við skýin felum ekki sólina af illgirni.

(klapp, klapp, klapp)

Við skýin erum bara að kíkja á leiki mannanna. (klapp, klapp, klapp)

Við skýin sjáum ykkur hlaupa, úúúúps, í rokinu

klædd gulum, rauðum, grænum og

bláum regnkápum.

Eins og regnbogi meistarans,

regnbogi meistarans.

Við skýin erum bara grá, bara grá.

Á morgun kemur sólin,

hvar verðum við skýin þá?

Hvar þá, hvar þá, hvar þá, hvar þá,

hvar þá, hvar þá, hvar verðum við skýin þá?

(Snúa sér að vinum sínum og spyrja -Hvar þá?)

Við erum dropar

Við erum dropar x 2

í einu hafi. x 2

Við erum laufblöð x 2

á sama trénu. x 2

Tengjumst böndum. x 2

Myndum einingu allra á jörð,

Stefnum að því saman, þú og ég.

Allar þjóðir x 2

sama þjóðin. x 2

Mannkynið x 2

er ein heild. X 2

Tengjumst böndum. x 2

Myndum einingu allra á jörð,

Stefnum að því saman, þú og ég.

Nammilagið

Ef regnið væri úr bleiku bangsgúmmí

rosalegt fjör yrði þá.

Ég halla mér aftur með tunguna út

aa a a a a...(með tunguna úti)

rosalegt fjör yrði þá.

Ef sólin væri á bragðið eins og sleikjó

rosalegt fjör yrði þá.

Ég halla mér aftur með tunguna út

aa a a a a...(með tunguna úti)

rosalegt fjör yrði þá.

Ef snjórinn væri úr sykurlúða og poppi

rosalegt fjör yrði þá.

Ég halla mér aftur með tunguna út

aa a a a a...(með tunguna úti)

rosalegt fjör yrði þá.

Við erum vinir

Lag: Meistari Jakob

Við erum vinir

við erum vinir

ég og þú

ég og þú.

Leikum okkur saman

Leikum okkur saman

Bimm bamm búmm

Bimm bamm búmm

Kónguló á gólfinu

D-A-G-D-A-D

Það er kónguló sem spinnur vef á gólfinu x2
Hvað er hún að gera inni hér í íbúðinni minni?
Það er kónguló sem spinnur vef á gólfinu

Það er kónguló sem spinnur vef á fætinum x2
Ég stappa fótunum og hoppa
en hún ætlar ekki' að stoppa!
Það er kónguló sem spinnur vef á fætinum

Það er kónguló sem spinnur vef á maganum x2
Og svo hunsar hún mig bara
er ég segi' henni að fara!
Það er kónguló sem spinnur vef á maganum.

Það er kónguló sem spinnur vef á hálsinum x2
Nei, nú fór hún yfir strikið
þetta kitlar allt of mikið!
Það er kónguló sem spinnur vef á hálsinum

Það er kónguló sem spinnur vef á nefinu x2
Það getur varla orðið verra
því hún fær mig til að hnerra!
Það er kónguló sem spinnur vef á nefinu... Atjúú!

Það er kónguló sem spinnur vef í hárinu x2
Svo nú fer ég bara' í sturtu
til að skola henni' í burtu!
Það er kónguló sem spinnur vef í hárinu

Það er kónguló sem spinnur vef á gólfinu x2
Hún á ekki' að vera inni hér í íbúðinni minni?
Það er kónguló sem spinnur vef á gólfinu

Kónguló með átta fætur

Það var eitt sinn könguló sem hafði átta fætur.
Því þurfti hún að fara snemma' á átta fætur
og fara' í skóna og reima skóna.
Hún taldi 1 – 2 – 3 – 4 – 5 – 6 – 7 – 8
Átta fætur! //: Trallallalla! Hm, hm ,hm, hm ://

Vinir

:::Ég sendi þér fingurkoss:::
því við erum allra bestu bestu, bestu,
vinir, vinir, allra bestu, bestu, bestu vinir.

:::Ég vinka og veifa þér:::
því við erum allra bestu....

Við leiðumst hönd í hönd
Bundin í kærleikans bönd.
því við erum allra bestu.....

Ég brosi breitt til þín,
því þú ert gleði mín.
því við erum allra bestu....

:::Ég sendi þér fingurkoss:::
því við erum allra bestu bestu, bestu, vinir,
vinir, allra bestu, bestu, bestu vinir.

Vinir!

Hvar er _____ ?

(lag: Meistari Jakob)

Hvar er _____ ?

Hvar er _____ ?

Stattu upp, stattu upp!

;;Komdu sæl og blessuð;;,

Sestu nú, sestu nú!

Góðan dag

Góðan dag kæra jörð,

góðan dag kæra tré.

Góðan dag kæra sól

og blómin mín öll

Sæl fiðrildin mín,

og lóan svo fín.

Góðan dag fyrir þig,

góðan dag fyrir mig.

Fléttan

Við getum fléttað fléttuna rétta,

Við getum fléttað fléttuna.

Við getum fléttað _____ inn,

Við höfum fléttað _____ inn.

Börnin standa í hring og haldast í hendur, viðkomandi losar hendur í 3ju línu og krossleggur þær og tekur aftur í hendur á hinum í línu 4. Síðan má snúa sér og reyna að losa flækjuna.

Ljónin, fílar og draugarnir

Ljónin, ljónin, ljónin, ljónin,

ljónin hér og þar

ljónin eru allstaðar!

Tralla-la-la-la,

tralla-la-la-la,

tralla-la-la-la-LA!

(Urra eins og ljón)

Fílar, fílar, fílar, fílar,

fílar hér og þar

ljónin eru allstaðar!

Tralla-la-la-la,

tralla-la-la-la,

tralla-la-la-la-LA!

(Lúðrahljóð eins og fíll)

Lágt:

Draugar, draugar, draugar, draugar.

Draugar hér og þar

draugar eru allstaðar

Tralla-la-la-la,

tralla-la-la-la

tralla-la-la-la- LA!

Bööö!

Hátt:

Skrímsli, skrímsli, skrímsli, skrímsli

Skrímsli hér og þar

skrímsli eru allstaðar!

Tralla-la-la-la,

tralla-la-la-la

tralla-la-la-la- LA!

Úaaa!

Afmælislagið

Á einhver í _____ afmæli hér?

Kom inn X 3

Af ánægju í hringnum hún/hann beygjir sín hné

svo djúpt X 3

//: Stelpa/Strákur/Krakkar snúa sér

Hopp trall la la la ://

Vertu velkomin, nýji vinur minn.

Það er skemmtilegast að leika sér

þegar allir eru með.

Í góðum hóp, innum hlátrasköll,

geta ævintýrin skeð.

Svo vertu velkomin, nýji vinur minn.

Það er skemmtilegast að leika sér

þegar allir eru með.

Það er ótrúlegt hverju lítið bros

fengið getur breytt.

Getur glatt og huggað, jafnvel þá

sem við þekkjum ekki neitt.

Svo vertu velkomin, nýji vinur minn.

Það er ótrúlegt hverju lítið bros

fengið getur breytt.

Dúddelí dú

::Hresstu þig við, liðkaðu lið.

Dúddelí dú, dúddelí dú,

Laust og létt, lipurt og þétt.

Dúddelí dú.

Láttu nú hendurnar hraðara ganga,

hreyfðu nú á þér skankana langa.

Dúddelí dú, dúddelí dú.

Byrjum aftur nú ...:

Hoppandi, hoppandi

(Komdu og skoðaðu ' í kistuna mína)

Hoppandi, hoppandi, hoppandi, hoppandi

hoppandi, hoppandi, hoppandi, HOPP.

Klappandi, klappandi, klappandi, klapp,

klappandi, klappandi, klappandi, KLAPP.

Stígandi, stígandi, stígandi, stíg,

stígandi, stígandi, stígandi, stíg,

minnkandi, minnkandi, minnkandi, minnkandi,

stækkandi, stækkandi, SNÚA Í HRING

Í rigningu ég syng

(lag: I'm singing in the rain)

Í rigningu ég syng,

í rigningu ég syng.

Það er stórkostlegt veður,

mér líður svo vel!

- Armar fram og armar að.

Tjutti tja, tjutti tja, tjutti tja tja!

- Beygja hné

- Rassinn út

- Inn með tær

- Hakan upp

- Út með tungu

Vinka með tánum

Vinka með tánum, lyfta upp hnjánum,

hrista svo rassa og hoppa hátt.

Glenna út fingur, þá verður til hringur,

axlir að eyrum og hoppa hátt.

(Allir standa í hring og gera hreyfingarnar.

Þrengja hringinn eftir hverja umferð

þar til allir eru í kremju).

Grjónapokar

:: Við göngum um með grjónapoka 'á kollinum ::
Og hvað sem við gerum, á okkur vel hann tollir.

Hoppum nú, hoppum nú, hoppum, það er gaman,
hoppum nú, hoppum nú, hoppum, allir saman.

Læðumst nú / Skriðum nú / Dönsum nú.

Baunapoki

Hér er ég með baunapoka
Hvað get ég gert við hann?
Get ég sett hann upp á höfuðið?
öxlina?

handabakið?

Ég elska blómin

Ég elska blómin
Ég elska líkjurnar
Ég elska fjöllin
Ég elska brekkurnar
Ég elska varðeldinn
Þegar húmar að
Búmm chiara...

I like the flowers
I love the deffodils
I like the mountain
I love the roling hills
I like the fire site
When the lights are low
Búmm chiara...

Chíró Chachó!

::// Chíró Chachó Chó nema Kúmba mana //:

Ding-dong

Ding-dong sagði lítill grænn froskur einn dag
Ding-dong sagði lítill grænn froskur.
Ding-dong sagði lítill grænn froskur einn dag
og svo líka ding-dong spoj-øj-øj

King-kong sagði stór svartur api einn dag
King-kong sagði stór svartur api.
King-kong sagði stór svartur api einn dag
og svo líka king-kong ohohoho

Um-eh sagði lítil græn eðla einn dag
Um-eh sagði lítil græn eðla
Um-eh sagði lítil græn eðla einn dag
og svo líka um-eh eðleðleðl

Mjá-mjá sagði lítil sæt kisa einn dag
Mjá-mjá sagði lítil sæt kisa
Mjá-mjá sagði lítil sæt kisa einn dag
og svo líka mjá mjá mjááááá

Blúbb-blúbb sagði lítill grár fiskur einn dag
Blúbb-blúbb sagði lítill grár fiskur
Blúbb-blúbb sagði lítill grár fiskur einn dag
og svo líka blúbb-blúbb blúb, blúb, blúb

Óskasteinar

Fann ég á fjalli fallega steina
faldi þá alla vildi þeim leynd
huldi þar í hellisskúta heilla steina
alla mína unaðslegu óskasteina

Langt er nú síðan leit ég þá steina
lengur ei man ég óskina neina
ef þeir skyldu uppfylla um ævidaga
ekki frá því skýrir þessi litla saga

Gersemar mínar græt ég ei lengur
geti þær fundið telpa eða drengur
silfurskæra kristalla með grænu og gráu
gullna roðasteina rennda fjólubláu.

Kópavogslagið

Lag: Þóra Marteinsdóttir, 2005
Texti: Steinunn Anna Sigurjónsdóttir

Þar sem grasið græna breiðir
sína slæðu yfir fold;
Þar sem rætur spinna þræði
og hjarta tengist mold.
Þar sem bærinn skartar fögrum
hópi drengja' og fljóða,
Hér á ég heima í vöginum góða.

Þegar glaður veifar granni
býður mér að koma inn;
Þegar kossi fylgir kveðja
"velkominn vinur minn";
Þegar kvöldar kemur engill
mér vinarhönd að bjóða,
Þá er ég heima í vöginum góða.

Út við Hvamma, Tún og Hjalla
fagran heyrir' ég fuglasöng;
út við Hólma, Mel og Brekkur
er gangan aldrei löng.
Út við Grundir, Hvarf og Heiðar
lít ég gamla vegaslóða
Hér á ég heima í vöginum góða.

Þegar sólin rís við Sali,
vaknar Lind við Lækjarnið
Þegar Fífan fagnar sumri,
fær vetrarkóngur frið
Þegar birtir yfir Borgum
við sólarlagið rjóða
Þá er ég heima í vöginum góða.

Nú er fagrir söngvar óma
og sólin bjarta skín;
Nú er tónar blíðir hljóma
ég hugsa hlýtt til þín,
Nú er ástin vefur andann
inn í fagra sveiflu ljóða.
Hér á ég heima í vöginum góða.

Dýrin öll í Afríku

1.

Hér koma nokkrar vísur,
sem þið viljið máske heyra
um dýrin út í Afríku
um apana og fleira.

∴; Hoja, hoja, ha, ha, ha.∴;

Um dýrin út í Afríku
um apana og fleira.

2.

Hæst í trjánnum hanga þar
hnetur og bananar.

Þar hefðarapar hafa bú.

Þeir heita bavíanar

∴; Hoja, hoja...

3.

Úr pálmablöðum eru gerðar
apabarnavöggur,
en barnfóstran er voða gamall
páfagaukaskröggur.

∴; Hoja, hoja...

4.

Og hér þarf ekkert slökkvilið
og engan brunahana.

Því fíllinn slekkur allan eld
með ógnarlöngum rana.

∴; Hoja, hoja...

5.

Og kóngurinn í skóginum
er ljónið sterka og stóra.

Hans kona er ljónadrottningin
hún étur á við fjóra.

∴; Hoja, hoja...

6.

Í trjánnum sitja fuglarnir
og syngja allan daginn
og vatnahestur bumbu ber
og bumban - það er maginn.

∴; Hoja, hoja...

7.

Þetta er fjörug músík,

svo öll dýrin fara að dansa.

Þau dansa fram á rauða nótt,
og vilja ekki stansa.

∴; Hoja, hoja...

8.

Hjá giröffunum var sút og sorg
það var svei mér ekki af engu.

Því átta litlir giraffar

illt í hálsinn fengu.

∴; Hoja, hoja...

9.

En nashyrningur læknir kom
með nefklemmur og tösku.

Og hann gaf öllu hálstöflur

og hóstasaft úr flösku

∴; Hoja, hoja...

10.

Krókódíllinn stóri fékk

kveisu hér um daginn.

Hann hafði étið apakött,

sem illa þoldi maginn.

∴; Hoja, hoja...

11.

Svo var skinnið skorið upp.

Það skelfing var að heyra.

Kvæðið langtum lengra er,

en ég lærði ekki meira.

∴; Hoja, hoja...

Ég á gamla frænku

Ég á gamla frænku
sem heitir Ingeborg.
Við eftir henni hermum
er hún gengur niður á torg.

,:Og svo sveiflast fjöðrin
og fjöðrin sveiflast svo,:

,:Og svo sveiflast hatturinn
og hatturinn sveiflast svo,:

,:Og svo sveiflast sjalið
og sjalið sveiflast svo,:

,:Og svo sveiflast pilsíð
og pilsíð sveiflast svo,:

,:Og svo sveiflast frænkan
og frænkan sveiflast svo,:

Dönsum og syngjum

Dönsum og syngjum	:// saman nú //:	Góðan dag
Góðan dag	:// ég fram úr fer //:	Góðan dag
Allir fara	:// nú í bað //:	Góðan dag
Allir burstu	:// tennurnar //:	Góðan dag
Allir burstu	:// hárið sitt //:	Góðan dag
Allir ætla að	:// klæða sig //:	Góðan dag
Allir borða	:// morgunmat //:	Góðan dag
Allir skola	:// skálina //:	Góðan dag
Allir fara í	:// leikskólann //:	Góðan dag
Allir ætla að	:// vinka bless //:	Góðan dag

Good bye – Khanbiafo – Namaste - Joi gin – Bless bless

Leikir og hlustun

Eggin (Tónlist á leikskóla cd3 nr6)
Kanntu að ríma
Ong na m, kuru devna mo
Hafið er svo rólegt
Býflugurnar
Dönsum og syngjum saman nú
Strengir á tímaflakki

